

Villandi sjón- varpskynning

Eftir Þorstein Sæmundsson

AÐ kvöldi þrettánda dags jóla birti ríkissjónvarpið þátt sem nefndist „Ferðin til tunglsins“. Þátturinn var franskur og var kynntur á þessa leið: „Heimildarmynd þar sem fjallað er um samsæriskenningar þess efnis að menn hafi aldrei stigið fæti á tunglið, heldur hafi sú athöfn verið sviðsett“ (Mbl. 6. janúar). Ég ákvað að horfa á þennan þátt þar sem ég taldi efnið áhugavert.

Strax í upphafi varð mér ljóst að ekki var um heimildarmynd að ræða. En það rann ekki upp fyrir mér fyrr en langt var liðið á þáttinn að þetta átti að vera eintómt grín. Það fékkst endanlega staðfest í myndbrotum í lokin, en þau brot hafa sjálfsagt farið fram hjá mörgum.

Daginn eftir ræddi ég við menn sem höfðu séð þennan sjónvarpsþátt. Því miður virtust flestir hafa tekið hann alvarlega. Ljóst var að kynningin hafði verið afar villandi. Réttara



„Sjónvarps-
mynd þessi
er afar út-
smogin og
sum atriði

**þess eðlis, að talsverða
kunnáttu þarf til að
greina blekkinguna.“**

hafði verið að kalla þetta gamanmynd. Hvort myndin var þess virði að sýna hana, er spurning sem dagskrárstjórnar hefðu átt að velta betur fyrir sér. En umfram allt ber sjónvarpsmönnum að gera skýran greinarmun á fræðsluefni og skemmtiefni svo að ekki sé verið að blekkja áhorfendur.

Tílefni þáttarins er annað umhugsunarefni. Í nærfellt tvö ár hafa gengið manna á milli eintök af mynd sem sýnd var í sjónvarpi vestur í Banda-

ríkjunum 15. febrúar 2001. Þessari mynd var ætlað að sannfæra áhorfendur um að tunglferðirnar fyrir þremur áratugum hefðu verið stórkostleg blekking, og að myndir úr þessum ferðum hefðu ýmist verið teknar á jörðu niðri eða í geimskípum á braut um jörðu. Sjónvarpsmynd þessi er afar útsmogin og sum atriði þess eðlis, að talsverða kunnáttu þarf til að greina blekkinguna. Geimferðastofnun Bandaríkjanna var komin á fremsta hlunn með að semja sérstakan þátt til að andmæla þessari mynd og hafði fengið þekktan geimferðasérfræðing, James Oberg, til verksins. Í nóvember s.l. hætti stofnunin við þau áform og taldi fyrirhöfnina ekki ómaksins verða. Oberg hefur þó fullan hug á að halda verkinu áfram og er að ganga frá bók um efnið. Ýmsir áhugamenn hafa líka birt gagnrýni á tæða sjónvarpsmynd og einnig á kyrrmyndir af sama toga, sem dreift hefur verið á lýðnetinu og margir munu kannast við.

Raunveruleg heimildarmynd um þessar sérkennilegu tilraunir til að blekkja almenning hefði vissulega átt erindi til íslenskra sjónvarpsáhorfenda. Það var slík mynd sem ég vonaðist til að sjá þegar ég settist fyrir framalisan sjónvarpið á þrettándakvöld. Sú von brást, því miður.

Höfundur er stjórnufræðingur.